

Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks

Efni:

***Bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna  
aðgengismála í Nauthólsvík***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 22. september 2020 fór fram umræða um aðgengismál í Nauthólsvík, sbr. 11. lið fundargerðar ráðsins sama dag.

Íbúaráð Miðborgar lagði fram svohljóðandi bókun:

Nauthólsvík er útivistarperla í hverfi 105, svæðið er mikið sótt og fólk nýtir sér það í auknum mæli allan ársins hring enda sjósund í miklum vexti meðal Reykvíkinga. Sérstaklega á sumrin er aðstaðan og svæðið vinsælt hjá leikskóla og skólahópum, sumarfrístund og svæðið er iðulega fullt af börnum alla virka daga í skipulögðu starfi ýmis konar. Mikilvægt er að bæta aðgengi í Nauthólsvík og það þarf að gera það í samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Sem dæmi um hluti sem þarf að laga á svæðinu má nefna aðgengi ofaní heitan pott, aðgengi um sandinn og að og ofan í lónið og aðgengi niður rampinn og út í sjó austan megin við bryggjuna við lónið. Íbúar í Reykjavík á öllum aldri þurfa öll að geta notið þessarar útivistarperlu sem Nauthólsvíkin er óháð hreyfigetu. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur til að farið verði í aðgerðir um að bæta aðgengi að svæðinu og að skapandi lausnir séu unnar í nánú samráði borgarinnar við hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst

Heimir Snær Guðmundsson

Samrit:

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð  
Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð  
Skipulags- og samgönguráðs